



Framleiðsla, verslun og þjónusta

Atvinnugreinaviðmið

1. Umfang og tilgangur

Atvinnugreinaviðmið Íslandsbanka (e.Sector guidelines) eru verkfæri sem hafa það að markmiði að veita fyrirtækjum betri innsýn inn í áhættur og tækifæri innan mismunandi atvinnugreina þegar kemur að sjálfbærni.

Tilgangur skjalsins er að stuðla að og kynna sjálfbærni fyrir þeim fyrirtækjum sem eiga viðskipti við Íslandsbanka og veita þeim leiðsögn. Þá er það einnig markmið að skjalið styðji við sjálfbærni áhættumat og útskýri hvar bankinn telur atvinnugreinar vera útsettar fyrir áhættum sem snúa að sjálfbærni og til hvaða úrræða fyrirtæki geta gripið til að verjast og stýra þeim áhættum.

Atvinnugreinaviðmiðin eru samansafn af viðmiðum og ráðleggingum sem bankinn leggur til að viðskiptavinir vinni að. Eiga þau við um fyrirtæki á öllum stigum virðisikeðjunnar.

Bankinn er meðvitaður um að fyrirtæki eru á ólíkum stað í umbreytingu í átt að sjálfbærni og eðlilegt er að tekið sé mið af stærð og aldri fyrirtækja. Því geta mismunandi ráðleggingar átt við hverju sinni. Íslandsbanki hvetur fyrirtæki í viðskiptum við bankann til að vinna ekki markvisst gegn þeim viðmiðum sem hér eru lögð fram.

2. Sjálfbærni og áhrif UFS þátta á framleiðslu, verslun og þjónustu

Framleiðsla á Íslandi er bæði frumframleiðsla sem og virðisaukning innfluttra vara sem er pakkað í neyslueiningar hérlandis. Ísland er að miklu leyti háð innflutningi og getur aðfanga- og virðisikeðja oft og tíðum verið löng og flókin. Þ.a.l. getur verið erfitt að hafa yfirsýn yfir sjálfbærniáhættur sem henni getur fylgt og hversu útsett fyrirtæki eru. Áskoranir verslunar og þjónustu eru beint og óbeint tengdar áhættum framleiðslunnar þar sem aðfanga- og virðisikeðja hennar er hluti af virðisikeðju verslunar og þjónustu sem mikilvægt er að horfa á í heild. Áhættur eru margskonar enda fellur fjölbreytt flóra fyrirtækja undir þessar atvinnugreinar. Öll fyrirtæki eiga þó sameiginlegt að þurfa að huga sérstaklega að félagslegum þáttum svo sem að tryggja öruggt starfsumhverfi, koma í veg fyrir mismunun og tryggja réttindi starfsfólks.

3. Áhættur

Raunlæg áhætta snýr að þeirri áhættu sem stafar af loftslagsbreytingum á umhverfið og er þar átt við staka atburði eins og ofsaveður, hitabylgjur og þurrka í kjölfar breytingar hitastigs og veðurfars.

Raunlæg áhætta fyrir framleiðslu fer mjög eftir því hvar framleiðslan á sér stað og helst áhætta í hendur við þá staðsetningu. Líkur eru á að hamförum sökum loftslagsbreytinga eigi eftir að fjölga sem getur haft neikvæð áhrif beint á rekstur félaga og á aðfangakeðju þeirra.

Áhrifa loftslagsbreytinga mun að öllum líkindum gæta á uppskeru og getur aukið tíðni uppskerubrests. Einnig hafa loftslagsbreytingar neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika sem m.a. spilar stórt hlutverk í ræktun. Þá er vatn nauðsynlegt hráefni í flesta framleiðslu og hefur aðgangur að vatni takmarkast á mörgum stöðum í heiminum. Frekari takmörkun á aðgangi að vatni mun einnig hafa neikvæð áhrif á framleiðslu aðfanga.

Forsendur framleiðslu geta því breyst og mikilvægt fyrir fyrirtæki í framleiðslu að átta sig á slíkum aðstæðum þar sem framleiðsla á aðföngum þeirra fer fram. Framleiðsla á Íslandi er ekki jafn útsett fyrir slíkum raunlægum áhættum þó að hún sé alltaf til staðar í einhverju formi.

Raunlæg áhætta gagnvart verslun og þjónustu er óbeint sambærileg og í framleiðslu, í gegnum virðisikeðjuna og getur haft áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja.

Beinar raunlægar áhættur gagnvart verslun og þjónustu eru e.t.v. minni. Umbreytingaráhættan getur hins vegar haft mikil áhrif hjá verslun og þjónustu.

Umbreytingaráhætta skapast við það að breyta hratt lögum, reglum, skattlagningu, neysluhegðun og viðskiptalíkani til að ná kolefnishlutleysi og aukinni sjálfbærni. eru slíkar aðgerðir viðbragð við raunlægum áhættum og geta þar að auki falið í sér breytingu á markaðsaðstæðum og orðsporsáhættu. Má sem dæmi nefna breytingar á lögum, reglum og viðmiðum tengdum innflutningi. Verslun og þjónusta er sérstaklega útsett fyrir breytingu í neysluhegðun ásamt breytingum á lagalegu umhverfi þeirra svæða sem virðisæðja þeirra nær til. Því hefur sú umbreytingaráhætta sem framleiðendur aðfanga standa frammi fyrir áhrif á verslun og þjónustu. Slíkar umbreytingaráhættur eru bundnar við þann stað sem framleiðsla fer fram og getur verið mismunandi. Er því mikilvægt að fyrirtæki þekki virðisæðju sína vel sem og aðfangakeðju til að vera meðvituð um slíkar umbreytingaráhættur.

4. Ráðleggingar um stýringu áhættu

- Greina hvar starfsemi er útsett fyrir sjálfbærniáhættu.
- Greina hvernig starfsemi hefur áhrif, bæði jákvæð og neikvæð, á samfélög og umhverfi.
- Marka sér og vinna eftir umhverfis-, samfélags eða sjálfbærnistefnu.
- Vinna að innleiðingu á aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum tengdum stefnum.
- Vinna eftir viðurkenndum stöðlum og vottunum sem eru viðeigandi fyrir reksturinn.
- Greina frá ófjárhagslegum upplýsingum sem viðeigandi eru hverju sinni samkvæmt viðurkenndum stöðlum.
- Virða réttindi starfsfólks ásamt rétti til kjarasamninga og félagafrelsis.
- Koma í veg fyrir mismunun og sýna fram á jafnréttisvottorð eða staðfestingu, eftir því sem lög segja til um hverju sinni.
- Tryggja öruggt starfsumhverfi, aðbúnað á vinnustað og móta viðbragðsáætlun við vinnuslysum.
- Hafa til staðar ferla og/eða vottanir sem samræmast vinnulöggjöf og reglum um vinnuvernd og tryggja jafna meðferð verkamanna.
- Sé notast við starfsmannaleigu er mikilvægt að ganga úr skugga um að réttindi starfsfólks séu virt.
- Starfa samkvæmt vottuðu gæðakerfi, öryggisstjórnunarkerfi og/eða umhverfisstjórnunarkerfi sé það kostur.
- Huga að vottun á húsnaði þar sem framleiðsla og/eða þjónusta fer fram.
- Notast við nýjustu og bestu tækni sem er viðeigandi og völ er á hverju sinni.
- Stuðla að umhverfisvænum starfsháttum, nýtingu hráefna og orku ásamt því að draga úr sóun.
- Hafa skilvirka visthönnun vara til að lágmarka magn og eituráhrifa úrgangs og farga /endurvinnu á umhverfisvænan hátt.
- Stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis, endurnotkun og endurnýtingu vara og aðfanga.
- Endurvinnu umbúðir og aðföng sé þess kostur. Takmarka einnota umbúðir eins og hægt er og nýta umhverfisvænni kost sé það mögulegt.
- Tryggja öryggi vöru og gera ráðstafanir til að lágmarka umhverfisáhrif vörunnar við framleiðslu, notkun viðskiptavina og við lok líftíma (LCA)
- Greina og vinna að rekjanleika í virðisæðju eins og hægt er.

21. Vinna eftir ferlum og/eða með samtökum til þess að stuðla að því að virðiskeðja styðji sjálfbærni.

5. Viðeigandi staðlar og vottanir

5.1. Í sjálfbærum fjármögnunarramma Íslandsbanka eru eftirfarandi staðlar og vottanir samþykktar fyrir framleiðslu, vörusölu og þjónustu:

- Svansvottun
- FSC
- PEFC

5.2. Í sjálfbærum fjármögnunarramma Íslandsbanka eru eftirfarandi staðlar og vottanir samþykktar fyrir fasteignir:

- Svansvottun
- BREEAM „very good“
- BREEAM in use

5.3. Aðrir staðlar og vottanir sem stuðla að sjálfbærni

- ISO 9001, 14001, 45001
- Responsible business alliance
- Blómið (EU-Blomsten)
- Green Seal
- Eco-Management and Audit scheme (EMAS)
- Bra Miljöval
- Fair Trade
- EU Organic
- Canada Organic
- Rainforest alliance
- LEED „Gold“
- DGNB